



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	ANR21080200 - Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða o.fl. (Veiðar á bláuggatúnfiski).
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti / Skrifstofa sjávarútvegsmála.
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	5. janúar 2022.

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni

Ísland hefur náð að tryggja sér umtalsverðar veiðiheimildir af bláuggatúnfiski á vettvangi Atlantshafs-túnfiskveiðiráðsins (ICCAT). Undanfarin ár hafa íslensk skip þó ekki stundað þessar veiðar, þannig að íslenskur sjávarútvegur nýtur ekki góðs af þessum veiðiheimildum og gætu þær rýrnað eða horfið vegna þess.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur verið með til skoðunar valkosti um hvernig hægt sé að stuðla að því að túnfiskveiðar íslenskra skipa hefjist að nýju og verði hluti af íslenskum sjávarútvegi til framtíðar, með fullnýtingu hlutdeildar Íslands.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Gert er ráð fyrir frumvarpi sem leggur til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Gert er ráð fyrir að ákvæðin yrðu tímabundin bráðabirgðaákvæði sem miðuðu að því að heimilt væri í þessum sérstöku aðstæðum sem uppi eru að veiðiheimildir séu ekki nýttar að íslenskir aðilar gætu tekið á leigu erlent skipt til veiðanna, eingöngu til veiða á bláuggatúnfiski skv. heimildum frá ICCAT og að heimildin yrði tímabundin.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Samkvæmt íslenskum lögum koma eingöngu skip til greina við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni sem eru skráð á Íslandi, og veiðar og vinnsla skal vera af hálfu íslenskra aðila, eins og nánar greinir í 5. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða sbr. 1. gr. laga nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Til að stuðla að því að veiðar hefjist að nýju af Íslands hálfu er talið nauðsynlegt að lög veiti tímabundnar heimildir í ákvæðum til bráðabirgða að heimila íslenskum aðilum að taka á leigu sérhæfð erlent skip til veiða á bláuggatúnfiski, til að viðhalda veiðireynslu Íslands, kanna hagkvæmni veiðanna og byggja upp innlenda sérþekkingu á slíkum veiðum.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Sjá þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025, bls. 261. Meginmarkmið málefnasviðsins er sjálfbær auðlindanýting og verðmætasköpun.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Sjálfbær auðlindanýting byggð á vísindalegum grunni svo hægt sé að viðhalda stöðugleika í veiðum og regluverki sem uppfyllir alþjóðlegar kröfur um verndunar og nýtingarsjónarmið.

<b>C. Leiðir</b>
<p><b>1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?</b>  Veiðar á vegum Íslands myndu ekki fara fram og líkur eru á því að veiðiheimildir Íslands á vettvangi ICCAT myndu rýrna eða falla brott.</p> <p><b>2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið</b>  Nauðsynlegt er að gera breytingar á lögum ef ætlunin er að viðhalda veiðiheimildum Íslands á vettvangi Atlantshafs-túnfiskveiðiráðsins (ICCAT).</p> <p><b>3. Mögulegar leiðir við lagasetningu</b>  Talið er heppilegast að leggja til tímabundin bráðabirgðaákvæði sem hefðu ákveðin gildistíma í stað þess að leggja til breytingar á efnisákvæðum laganna.</p>
<b>D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?</b>
<p><b>1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni</b>  Lagt er til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem hefðu ákveðin gildistíma í stað þess að leggja til breytingar á efnisákvæðum laganna. Það er til marks um að þessar heimildir verði tímabundnar og er ekki ætlað að gera breytingar á meginreglum fiskveiðistjórnar.</p> <p><b>2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott</b>  Gert er ráð fyrir frumvarpi sem leggur til breytingar á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, á lögum nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Gert er ráð fyrir að ákvæðin yrðu tímabundin bráðabirgðaákvæði sem miðuðu að því að heimilt væri í þessum sérstöku aðstæðum sem uppi eru að íslenskir aðilar gætu tekið á leigu erlent skipt til veiðanna, eingöngu til veiða á bláuggatúnfiski skv. heimildum frá ICCAT og að heimildin yrði tímabundin. Ákvæði laganna yrðu því óbreytt hvað varðar aðrar veiðar.</p>
<b>E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar</b>
<p><b>1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?</b>  Nei.</p> <p><b>2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?</b>  Nei.</p> <p><b>3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?</b>  Nei.</p>
<b>F. Samráð</b>
<p><b>1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?</b>  Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna, Félag vélstjóra og málmteknimanna, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.</p> <p><b>2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei.</b></p> <p><b>3. Samráð sem þegar hefur farið fram</b>  Forsamráð hefur farið fram með Sjómannasambandi Íslands, Félagi skipstjórnarmanna, Félagi vélstjóra og málmteknimanna og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Einnig hefur átt sér stað samráð við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem fer með skráningu skipa og við skrifstofu</p>

orku, iðnaðar og viðskipta í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu vegna laga er varða erlenda fjárfestingu í atvinnurekstri.

#### 4. Fyrirhugað samráð

Áformin verða birt í samráðsgátt stjórnvalda. Ef ákveðið verður að vinna frumvarp til laga er fyrirhugað að það verði einnig birt í samráðsgátt stjórnvalda. Þá er einnig fyrirhugað samráð með sömu aðilum og forsamráð náði til.

### G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

#### 1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal

Áhrif á gjöld óveruleg eða engin. Sjálfbær nýting auðlinda er jákvæð. Áhrif jákvæð ef skapast störf, tekjur og þjónusta í kringum atvinnustarfsemina.

### H. Næstu skref, innleiðing

#### 1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?

Já.

#### 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?

Hefðbundinn tími til undirbúnings.

#### 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?

Að breytingin leiði til þess að veiðar hefjist í tilraunaskyni, þannig að hægt yrði að viðhalda veiðiheimildum, kanna hagkvæmni og byggja upp sérþekkingu á veiðunum.

#### 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu

Veiði skipa sem nýta veiðiheimildir Íslands hjá ICCAT, þannig að veiðiheimildir nýtist íslenskum sjávarútvegi og skapi þörf á fjárfestingu, störf og sérþekkingu.

#### 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

Ekki sérstaklega að öðru leyti en því að fylgst yrði með veiðitölum í samræmi við hefðbundið eftirlit.

### I. Annað

### J. Fylgiskjöl

#### 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað

#### 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum